

Fundargerð 1. fundar í samstarfsráði um símenntun og starfsþróun kennara og skólastjórnenda haldinn 29. september 2016 kl. 13:00-16:00, í stofu H-209 í Hamri, Menntavísindasviði HÍ

Fundarmenn: Sigurjón Mýrdal, Björk Óttarsdóttir, Guðni Olgeirsson, Kristín Runólfsdóttir, Hulda Karen Daníelsdóttir, Þorsteinn Hjartarson, Þórður Kristjánsson, Aðalheiður Steingrínisdóttir, Guðbjörg Ragnarsdóttir (að hluta), Anna María Gunnarsdóttir, Hjördís Þorsteinsdóttir, Svanhildur María Ólafsdóttir, Kristín Valsdóttir, Guðrún Edda Bentsdóttir, Olga Líska Garðarsdóttir og Þorlákur Axel Jónsson

Forföll boðuðu: Ingibjörg Margrét Gunnlaugsdóttir, Sigrún Grendal Jóhannesdóttir, Haraldur Árni Haraldsson, Ingibjörg Kristleifsdóttir, Magnús Þorkelsson og Birna María Svanbjörnsdóttir.

1. Setning. Kynning fulltrúa.

Sigurjón setur fund og segir frá tilgangi samstarfsráðsins ásamt sögunni á bakvið stofnun ráðsins, meðal annars vinnulagi og lokaskýrslu *Fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara* og vefnum <http://starfsthrounkennara.is/>. Sigurjón leggur áherslu á að í lok fundar verði komin drög að einhvers konar forgangsröðun og hugmyndir um hvað á að koma út úr þriggja ára starfi samstarfsráðsins.

Fundarmenn kynntu sig.

2. Hlutverk samstarfsráðsins (sjá erindisbréf).

Sigurjón bendir á að erindisbréfið sem aðilar fengu skilgreini hlutverk samstarfsráðsins og leggur áherslu á að í ráðinu verði hægt að tala frjállega um álitamál hlutverk og starfsaðstæður kennara og skólastjórnenda. Samstarfsráðinu er m.a. ætlað að vera ráðgefandi fyrir ráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambandið og kennaramenntunarstofnanir.

Alm. kynning á lokaskýrslu fagráðsins er (skv. erindisbréfi) eitt af verkefnum samstarfsráðsins.

3. Starf og tillögur fagráðs um starfsþróun kennara sem starfaði 2013-2016

<http://starfsthrounkennara.is/ny-framtidarsyn-um-starfsthroun-kennara-og-skolastjornenda/>

Aðalheiður kynnir niðurstöður úr skýrslu fagráðsins ásamt vinnulagi þess 2013-2016. Glærur fylgja í viðhengi með fundargerð.

Á vefnum www.starfsthrounkennara.is yfirlit um störf fagráðsins, m.a. skýrsla um ráðstefnuna Kennarar framtíðar sem haldin var 2014. Árlegir fundir voru haldnir árlega með ráðherra þar sem stöðuskýrslur voru kynntar.

Leiðarljós í niðurstöðum eru stóru þræðirnir úr greinargerðum fagráðsins. Skilgreining var sett fram á starfsþróun kennara. Grunnþættirnir í skýrslu fagráðsins eru:

1. Menntun sem forgangsverkefni

2. Kennaramenntun sem starfsævilöng menntun
3. Aðgengilegt og skilvirkt stoðkerfi fyrir starfsþróun
4. Fjármál
5. Samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólastjórnenda

Umræða hópsins: Skýrsla fagráðsins felur í sér samkomulag um það sem í henni felst og niðurstaða þeirrar vinnu sem fram hefur farið. Umræða um hvað felist í tillögunum og greiningu skýrslunnar. Umræða allra í samstarfsráðinu mikilvæg til að ná árangri í að byggja upp lærdómssamfélag á landinu öllu.

Skýrslunni verður ekki breytt en mikilvægt er að við skoðum hana með opnum hug og komum inn með ný sjónarhorn í þeirri útfærslu samstarfsráðsins sem framundan er. Æskilegt er að samtalinu við ráðherra um starf samstarfsráðsins verði haldið markvisst áfram.

Mikilvægt að huga að því hvernig við komum hugsuninni um starfsævilanga menntun og starfsþróun út í skólana og að til verði aðgerðaráætlun um hvernig unnið verði að starfsþróun. Greining á þörfum kennara er grunnur að vinnunni framundan.

Traust milli aðila innan samstarfsráðsins er grundvöllur þess að starfið leiði til góðs.

4. Skipulag ráðsins og vinnulag (framkvæmdastjórn, starfsmaður, fjármagn o.fl.).

Sigurjón segir frá vinnulagi Fagráðsins. Það hittist 2-3 á ári og kaus sér stýrihóp sem hittist oft og miðlaði til fagráðsins. Einnig voru vinnuhópar sem unnu að ákveðnum verkefnum milli funda. Fagráðið hafði starfsmann í 50% starfi og ráðuneytið stóð straum af kostnaði við hann. Ekki var skilgreint sérstakt fjármagn til fagráðsins en sótt var um fjármagn til ráðuneytisins fyrir verkefni fagráðsins. Núna liggur ekkert fyrir um skipulag og vinnulag samstarfsráðsins eða fjármögnun. Í skipunarbréfinu kemur fram að samstarfsráðið skuli hafa stýrihóp.

Umræða hópsins: Samstarfsráðið fundi ört til að byrja með og velji sér stýrihóp sem vinni milli funda. Mikilvægt er að hafa starfsmann til að halda utan um starfið og verkstýra. Mikilvægt er að hafa fjármagn til að geta ráðið starfsmann, greiða ferðakostnað vegna funda, sjá um kynningar o.fl.

Tímabundnir vinnuhópar eru einnig mikilvægir til að koma tileknum málum í frekari farveg.

Rætt var hvort kostnaður vegna samstarfsráðsins falli alfarið á ráðuneytið eða hvort um aðkomu annarra aðila í samstarfsráðinu verði að ræða. Samband íslenskra sveitarfélaga gerir ráð fyrir að það komi ekki til kostnaðar hjá þeim vegna fulltrúa þeirra í samstarfsráðinu fyrir utan vinnuframlag fulltrúa. Einnig var rætt um greiðslur vegna ferðakostnaðar og hvort greiða ætti þóknun fyrir setu í samstarfsráðinu.

Ákvörðun

Formanni er falið að óska eftir við ráðherra að ráðinn verði starfsmaður til samstarfsráðsins í fullt starf en að lágmarki 50% starf auk grunnfjárveitingar fyrir rekstur samstarfsráðsins sem nýtt verði til að greiða ferðakostnað, kynna skýrslu fagráðsins og vinna frekar að lykilkáttum í skýrslu fagráðsins.

Skipulag ráðsins – Fulltrúar hagsmunahópa tilgreini sinn fulltrúa í stýrihópinn innan viku og sendi formanni nafn og netfang. Stýrihópi er falið að vinna drög að starfsáætlun með forgangsöröðun fyrir næsta fund og hugmyndir að mögulegum vinnuhópum.

5. Á döfinni varðandi starfspróun kennara og skólastjórnenda.

Formaður minnti á að þótt niðurstöður og tillögur í lokaskýrslu fagráðsins leggi grunn að verkefnum samstarfsráðsins sé mikilvægt að fulltrúar leggi ný viðfangsefni inn í umræðuna og breikki og dýpki umræðuna um starfspróun og ævilanga menntun kennara og skólastjórnenda.

Umræða: Huga þarf að því hvort samstarfsráðið eigi einnig að vinna að hugmyndum um aðgerðir til að sporna gegn yfirvofandi kennaraskorti næstu árin og áratugina. Miðla einnig upplýsingum um framkvæmdir og niðurstöður í TALÍS o.fl. innan hópsins.

6. Undirbúningur starfsáætlunar.

Þórður kynnir hugmyndir undirbúningshóps um að stýrihópur setjist yfir tillögur frá fundinum og sendi til samstarfsráðsins auk hugmynda um verkefni og forgangsöröðun. Vinnuhópar verði myndaðir um ákveðin verkefni og vinnuálagi dreift á allt ráðið. Í vinnuhópunum geti einnig komið inn aðilar utan fagráðsins.

Hugmynd kom fram um að stofna Facebook síðu um starfspróun kennara og skólastjórnenda til að koma umræðunni af stað í skólasamfélaginu.

7. Fundir í haust.

Næsti fundur verði haldinn á mánudegi í byrjun nóvember.

8. Önnur mál.

Umræða:

- Kennarasambandið er með þing á Hótel Nordica á Alþjóðadegi kennara 5. október kl. 13 og er öllum fulltrúum í samstarfsráðinu boðið að koma.
- Vakin var athygli á fundi á Menntavísindasviði í hádeginu 4. október um yfirvofandi kennaraskort og allir eru velkomnir þangað.
- Mikilvægt er að birta frumgögn TALÍS á netinu eins og gert er í öðrum löndum.
- Hugmynd að ráðið leggi til spurningar inn í íslensku TALÍS könnunina.
- Mikilvægt að reikna inn í starfsáætlun reglulega fundi samstarfsráðsins við ráðherra.
- Hugmynd að vera með lærdómsþing um starfspróun á næsta ári.